



## Persónuhlífar

## CASP 2021

Verkefni vegna samræmdrar starfsemi um öryggi vöru (CASP) gera markaðseftirlitsyfirvöldum allra aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB)/Evrópska efnahagssvæðisins (EES) kleift að vinna saman til að efla öryggi vara sem settar eru á innri markaði ESB.

### Vöruúrtak



**HJÁLMAR FYRIR  
HJÓLREIÐAFÓLK OG  
FYRIR NOTENDUR  
HJÓLABRETTA EÐA  
HJÓLASKAUTA (BÆÐI  
FYRIR FULLORÐNA OG  
BÖRN)**



**BARNAHJÁLMAR  
TIL AÞPREYINGAR Í  
UMHVERFI SEM ER MEÐ  
AUÐSÝNDA HÆTTU Á  
HÖFUÐÁVERKUM ÁSAMT  
HÆTTU Á KYRKingU**



**ENDURSKINSMERKI TIL  
EINKANOTA MEÐ OG ÁN  
LJÓSDÍÓÐA (LED) LJÓSA**




**ENDURSKINSFATNAÐUR  
TIL EINKANOTA, EKKI  
Í ATVINNUSKYNI**

Þessi starfsemi beindist að fjórum flokkum persónuhlífa (PPE). Tekin voru sýni af vörunum og þær prófaðar samkvæmt almennum viðmiðum á evrópskri rannsóknarstofu sem valin var af markaðseftirlitsyfirvöldum sem tóku þátt.

### Prófanir og niðurstöður


#### Alls voru 131 vörur prófaðar:

- 70 hjálmur fyrir hjólreiðar, hjólabretti og hjólaskauta
- 2 barnahjálmur til afþreyingar
- 41 endurskinsmerki með og án LED-ljósa
- 18 endurskinsflíkur




#### Prófunarniðurstöður fyrir hvert ákvæði varðandi hjólreiðar, hjólabretti og hjólaskauta

##### Hliðar-/snúningsprófanir



##### Prófunarniðurstöður fyrir hvert ákvæði: EN 1078:2012+A1:2021



**3** tilkynningar voru gefnar út á Safety Gate.

# Helstu prófunarviðmið

- Evrópustaðall (EN) 1078:2012+A1:2021 – Hjálmar fyrir hjólreiðafólk og notendur hjólabretta eða hjólaskauta;
- EN 1080:2013 – Högghlífðarhjálmar fyrir ung börn. Barnahjálmar til afþreyingar í umhverfi sem er með auðsýnda hættu á höfuðáverkum ásamt hættu á kyrkingu;
- EN 13356:2001 – Aukabúnaður fyrir sýnileika til notkunar sem ekki er í atvinnuskyni;
- EN 1150:1999 – Sýnilegur fatnaður til almenningsnota

## Helstu ráðleggingar

### Samræmisfirlýsingin verður að vera tiltæk fyrir hvern hlut persónuhlífa.

- Allar persónuhlífar verða að uppfylla grunnkröfur um heilsu og öryggi sem settar eru fram í reglugerðinni um persónuhlífar (með því að vera prófaðar í samræmi við samræmdan staðal sem samsvarar tilgangi notkunar sem framleiðandi gefur upp).
- Ef þörf er á leiðbeiningum eru framkvæmdastjórnin og markaðseftirlitsyfirvöld til staðar.


### Gættu þess að vörurnar þínar séu ekki falsaðar.

- Sem ábyrgt fyrirtæki ættir þú að taka þann tíma sem þarf til að sannreyna að vörurnar sem þú útvegar séu ekki falsaðar.
- Þú verður að athuga merkingar og samræmisfirlýsingu til að sannreyna að þær uppfylli evrópskar öryggiskröfur fyrir vöruna
- Persónuhlífin verður að bera CE-merkið. CE-merking gefur til kynna að ESB-gerðarprófunaraðferðin hafi verið framkvæmd og að varan uppfylli nauðsynlegar heilsu- og öryggiskröfur.
- Að auki ættu allar persónuhlífar að vera merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda, gerð, tegundar- eða raðnúmeri og lotunúmeri svo hægt sé að bera kennsl á þær.

### Innkallanir.

- Miðlaðu vel til neytenda um hvernig þeir ættu að skrá vörurnar sem þeir kaupa svo þeir fái upplýsingar um innköllunaraðgerðir.
- Gerðu innköllunartilkyrningar skýrar og aðgengilegar og tilgreindu alltaf hættuna sem stafar af vörunni.
- Fylgstu reglulega með áhrifum innköllunar og aðlagðu stefnuna í samræmi við það.

## Markaðseftirlitsyfirvöld sem tóku þátt



**Belgía**  
Ríkisskrifstofa efnahagsmála – Stjórnarsvið gæða og öryggis

**Finnland**  
Finnnska öryggis- og efnastofnunin

**Ísland**  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

**Króatía**  
Ríkiseftirlitið

**Kýpur**  
Vinnueftirlitið

**Litháen**  
Neytendavernd ríkisins

**Noregur**  
Almannavarnastofnun norska ríkisins

**Tékkland**  
Tékkneska viðskiptaeftirlitsstofnunin

**Þýskaland**  
Héraðsstjórn Düsseldorf

Ríkisstjórn Efra Bæjaralands - Viðskiptaeftirlit

Nánari upplýsingar á



**CASP2021**

Samræmd starfsemi um öryggi vöru